



Tillaga um hækkun hlutfjár til Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf.

Lagt er til að hlutafé til Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. verði hækkað um 235 m.kr. til að mæta kostnaði við framkvæmdir í fasteign félagsins eins og nánar er lýst í hjálagðri greinargerð. Hækkuninni verði skipt á 2 ár, þ.e. 166 m.kr. á árinu 2020 og 69 m.kr. á árinu 2021. Gerður er fyrirvari um að ríkið leggi fram sambærilegt fjármagn í samræmi við eignarhlut sinn í félaginu.

Lagt er til að fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að undirbúa viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2020 sem tekur mið af ofangreindu. Hlutafjárframlagið verði fjármagnað af handbæru fé Aðalsjóðs Reykjavíkurborgar. Framlagið hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu en birtist í sjóðstreymi Aðalsjóðs, A-hluta og samstæðu. Aukið framlag á næsta ári fari inn í fjárhagsáætlun ársins 2021.

Greinargerð

Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. sótti í vor um framlög í fjárfestingarátaki ríkisins til að efla atvinnulífið í ljósi afleiðinga COVID19. Í frumáætlun verkefnisins gerðu stjórnendur Hörpu ráð fyrir að heildaráætlunin næmi 450 mkr. sem dreifðist þannig að 195 m.kr. kæmi til á árinu 2020, um 250 m.kr. kæmi til á árinu 2021 og 5 m.kr. kæmu til á árinu 2022. Fjármálaráðuneytið samþykkti áætlunina og alþingi veitti í vor fjárheimild fyrir 195 m.kr. framlagi ríkisins á árinu 2020 með því skilyrði að öll verkefni hæfust fyrir 1. september 2020 og þeim yrði lokið fyrir 1. apríl 2021.

Tafla 1: Upphafleg kostnaðaráætlun Hörpu ohf.

Verkefni	Heiti	Stutt lýsing	Heild.áætlun	UPPHAFLEG ÁÆTLUN SKIPT NIÐUR Á ÁR		
				Ríki 2020	Ríki 2021	Ríki 2022
1	Átak2020-Jarðhæð	Endurhönnun og breytingar á jarðhæð og minna nýttum rýmum í Hörpu með það að markmiði að auka tekjur af verslun, veitingum og þjónustu	130	30	100	
2	Átak2020 - Led	Breyta ljósgjöfum í Hörpu í LED lýsingu úr Halogen og glóðarþræði. Hér er átt við bæði lýsingu í opnum rýmum og í sölum hússins.	180	90	90	
3	Átak2020 - Orkusparnaður	Breyting á kyndikerfum, loftræstingu og stýringum til að minnka orkukostnað. Bæði hitaveitu og rafmagn.	40	25	10	5
4	Átak2020 - Lóð	Klára frágang á lóð sem tengist Reykjastræti - tengingu á milli Hörpu og Geirsgötu.	50	25	25	
5	Átak2020-Þak	Laga alvarlegan þakleka á vestrúsi Hörpu.	50	25	25	
		Samtals	450	195	250	5

Í fyrirspurn ráðuneytisins 23. mars sl. til fulltrúa borgarinnar í eigendanefnd Hörpu var spurt hvort Reykjavíkurborg muni koma að fjárfestingarverkefnunum með ríkinu sem svarar til eignarhluta borgarinnar. Fyrstu viðbrögð borgarinnar voru að lýsa yfir áhuga en jafnframt var kallað eftir lýsingum á fjárfestingarverkefnunum sem bárust 6. maí sl. Í framhaldi af því kom fram vilýrði af hálfu borgarinnar fyrir 166 m.kr. framlagi með fyrirvara um samþykki borgarráðs og borgarstjórnar og endanlega rýningu á verkefnunum. Það var ljóst að 195 m.kr. að viðbættum 166 m.kr. á árinu 2020 myndu ekki fjármagna allar upphaflegar verkefnahugmyndir Hörpu og vantaði tæpar 90 m.kr.

Í júní kynntu fyrrsvarsmenn Hörpu fjármálaráðherra endurskoðaða áætlun með nánari útfærslum og hafði þá heildarkostnaðaráætlun hækkað úr 450 m.kr. í 510 m.kr. Hækkunina má fyrst og fremst rekja til meiri kostnaðar við endurskipulagningu á jarðhæð og minna nýttum rýmum m.a. á K1 eða hækkun úr 130 m.kr. í 160 - 190 m.kr. Það er jafnframt mat stjórnenda Hörpu að skynsamlegast sé að setja þetta verkefni í forgang og ljúka því þegar á árinu 2020. Rökin fyrir þessari forgangsröðun eru þau að miklar takmarkanir eru enn á viðburðahaldi í húsinu og rými hafa losnað hjá rekstraraðilum sem hafa ekki haft fjárhagslegt bolmagn til að standa af sér afleiðingar COVID19. Þessar aðstæður skapa gott tækifæri til að gera þessar umbætur á meðan áhrifa COVID19 gætir. Öðrum aðgerðum, þ.e. LED væðingu, þakviðgerð, lagfæringu á lóð og orkusparnaðaraðgerðum, var dreift á tvö ár, 2020 og 2021.

Það er mat sérfræðinga að öll þessi verkefni muni gagnast Hörpu vel. Endurskipulagning jarðhæðar hefur verið unnin með faglegum ráðgjöfum með það að markmiði að mæta betur þörfum gesta, með sérstakri áherslu á barnafjölskyldur, skapa betri viðskiptatækifæri fyrir rekstraraðila og auka tekjur fyrir félagið. LED væðing og orkusparandi aðgerðir munu líka hafa jákvæð rekstraráhrif með því að lækka rekstrarútgjöld til framtíðar. Framkvæmdir á lóð eru mikilvægar til að skapa rétta umgjörð um þessa *monumental* byggingu þegar nú hillir undir að næstu lóðir við Hörpu verða fullbyggðar. Það mun án vafa vinna óbeint með tekjuhlíð rekstrarins.

Hér er lagt til að Reykjavíkurborg komi að þessum mikilvægu fjárfestingarverkefnum Hörpu í takti við 46% eignarhluta sinn í félaginu og leggi félaginu til nýtt hlutfé að fjárhæð 235 m.kr. sem skiptist þannig að 166 m.kr. komi á árinu 2020 og 69 m.kr. komi á árinu 2021. Sjá nánar töflu 2 hér að neðan.

Tafla 2:

ÁTAK TIL AÐ EFLA ATVINNULÍFIÐ - HARPA TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚS - YFIRLIT VERKEFNA

Verkefni	Heiti	Stutt lýsing	Heildaráætlun endurskoðuð			Árið 2020			Árið 2021		
			Samtals	Skiping eigenda Ríki	RVK*	Samtals	Skiping eigenda Ríki	RVK*	Samtals	Skiping eigenda Ríki	RVK*
1	Átak2020-Jarðhæð	Endurhönnun og breytingar á jarðhæð og minna nýttum rýmum í Hörpu með það að markmiði að auka tekjur af verslun, veitingum og þjónustu	190	103	87	190	103	87	0	0	0
2	Átak2020 - Led	Breyta ljósgjöfum í Hörpu í LED lýsingu úr Halogen og glóðarþræði. Hér er átt við bæði lýsingu í opnum rýmum og í solum hússins.	180	97	83	90	49	41	90	49	41
3	Átak2020 - Orkusparnaður	Breyting á kyndikerfum, loftræstingu og stýringum til að minnka orkukostnað. Bæði hitaveitu og rafmagn.	40	22	18	25	14	12	15	8	7
4	Átak2020 - Lóð	Klára frágang á lóð sem tengist Reykjastræti - tengingu á milli Hörpu og Geirsgötu.	50	27	23	31	17	14	19	10	9
5	Átak2020-Þak	Laga alvarlegan þakleka á vesturhúsi Hörpu.	50	27	23	25	14	12	25	14	12
		Samtals	510	275	235	361	195	166	149	80	69

Allar tölur í m.kr.

* Gert ráð fyrir að Reykjavíkurborg komi að verkefnum með 46% framlagi í samræmi við eignarhald

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir
e.u

Hjálagt:
Fylgiskjal - Nánari lýsing á einstökum verkefnum

Fylgiskjal:

Nánari lýsing á einstökum verkefnum

1. Endurskipulagning á jarðhæð

1.1. Hvert er verkefnið og markmið þess?

Endurhönnun og breytingar á jarðhæð og minna nýttum rýmum í Hörpu með það að markmiði að auka tekjur af verslun, veitingum, þjónustu og upplifun. Aðgerðin stuðlar að nýsköpun og styður þá tegund ferðaþjónustu sem laðar að sér betur borgandi ferðamenn. Markmiðið er einnig að gera rekstur Hörpu hagkvæmari með því að auka leigutekjur.

1.2. Á hvaða stigi er verkefnið núna? Hver eru verkstigin? (Hugmyndastig, forhönnun, verkhönnun)

Verkefnið er liður í stefnumótun og aðgerðaáætlun Hörpu. Búið er að setja saman verkefnateymi sem samanstendur af viðskiptaþróunarstjóra og fjármálastjóra Hörpu, arkitekt hússins, upplifunarhönnuði, rekstrarráðgjafa og fulltrúa stjórnar. Unnið er að þarfagreiningu og svo hefst hönnun. Forgangur er settur á að breyta veitingarekstri á jarðhæð og gera bæði arðbærari og fjölbreyttari.

1.3. Hversu fljótt er hægt að hefja verkefnið?

Strax.

1.4. Hver er tímaferill útgjalda niður á ár og tekna ef það á við?

Hönnunarkostnaður fellur á næstu mánuðum og mikilvægt er að komast í einhverjar breytingar sem fyrst í kjölfarið eða á meðan starfsemin í húsinu er í lágmarki vegna Covid-19. Tekjuauki gæti orðið strax 2021 en sami fyrirvari er á vegna Covid-19.

1.5. Atvinnusköpun

Verkefnið er atvinnuskapandi á framkvæmdatímanum og í kjölfar hans. Um er að ræða hönnuði, ráðgjafa og iðnaðarmenn. Í kjölfarið er markmiðið að auka fjölda rekstraraðila í Hörpu. Verkefnið er tekjuaukandi fyrir Hörpu, atvinnuskapandi og liður í þróun ferðaþjónustu.

1.6. Er verkefnið varanlegt eða tímabundið? Mun verkefnið leiða til aukins kostnaðar í framtíðinni? (t.d. rekstur, viðhald)

Verkefnið er varanlegt og á ekki að auka rekstrarkostnað.

1.7. Áætlaður kostnaður

160-190 m.kr. Hér er um lágmarksfjárhæð að ræða og sett fram með fyrirvara þar eð ekki er búið að fullvinna og hanna tillögur um breytingar.

2. Led væðing

2.1. Hvert er verkefnið og markmið þess?

Breyta ljósgjöfum í Hörpu úr Halogen og glóðarþræði í LED lýsingu. Hér er átt við bæði lýsingu í opnum rýmum og í söllum hússins. Verkefnið stuðlar að umhverfisvænni lausnum og hagkvæmari rekstri.

2.2. Á hvaða stigi er verkefnið núna? Hver eru verkstigin? (Hugmyndastig, forhönnun, verkhönnun)

Útfærsla tímalínu og framkvæmdar er í vinnslu. Forhönnun hafin.

2.3. Hversu fljótt er hægt að hefja verkefnið?

Undirbúningur hafinn – framkvæmd getur hafist í byrjun júní eða um leið og fjármögnun er staðfest.

2.4. Hver er tímaferill útgjaldanna niður á ár (og tekna ef það á við)?

Hægt væri að ljúka verkefninu fyrir 1. apríl 2021.

2.5. Atvinnusköpun

Verkefnið er atvinnuskapandi á framkvæmdatímanum. Rúmlega helmingur af kostnaði er áætlaður vinnuliður þar sem um er að ræða tæknifólk, lýsingarhönnuðir og iðnaðarmenn. Verkefnið er arðbært og líklegt að fjárfestingin greiðist upp á um 8 árum í sparnaði í perukaupum og orku. Reynslan af þessari umbreytingu getur nýst í innleiðingu í öðrum byggingum.

2.6. Er verkefnið varanlegt eða tímabundið? Mun verkefnið leiða til aukins kostnaðar í framtíðinni? (t.d. rekstur, viðhald)

Verkefnið er varanlegt. Sparnaður í raforkunotkun, perukaupum og vinnu við að skipta um perur er verulegur. Raforkunotkun vegna lýsingar myndi minnka um helming að lágmarki og leiða til aukinnar hagkvæmi í rekstri Hörpu. Fjárfestingin er að auki umhverfislega ábyrg.

2.7. Áætlaður kostnaður

180 m.kr.

3. Lóð – fullnaðarfrágangur

3.1. Hvert er verkefnið og markmið þess?

Ljúka frágangi á lóð sem tengir Hörputorg við Reykjastræti sem nær á milli Hörpu og Geirsgötu. Framkvæmdin er liður í að bæta mannlíf í miðborginni, fegra umhverfið, minnka kolefnisfótspor með því að auðvelda flæði gangandi og hjólandi fólks yfir úr Kvos og í hina nýju miðju sem er að myndast í kringum Hörpu. Einnig að hanna nýja notkun á tjörn sem er ónothæf sem slík vestan við Hörpu. Markmiðið er að svæðið nýtist betur sem almenningsrými.

3.2. Á hvaða stigi er verkefnið núna? Hver eru verkstigin? (Hugmyndastig, forhönnun, verkhönnun)

Hugmynd og hluti forhönnunar.

3.3. Hversu fljótt er hægt að hefja verkefnið?

Framkvæmd eftir u.þ.b. 60 daga.

3.4. Hver tímaferill útgjaldanna niður á ár (og tekna ef það á við)?

1 ár að hámarki. Hönnun getur hafst um leið og fjármögnun er tryggð. Framkvæmd líklega mest síðsumars 2020 og fram eftir vetri. Fyrirvarar eru þeir að núverandi staðsetning vinnubúða og framkvæmdir við Landbanka hamli því ekki að hægt sé að ljúka framkvæmdum 2020.

3.5. Atvinnusköpun

Verkefnið er atvinnuskapandi á framkvæmdatímanum.

Efni innan við 1/3 og vinna 2/3. Stærstur hluti efnis innlendur (hleðslusteinn, steypa og sandur).

3.6. Er verkefnið varanlegt eða tímabundið? Mun verkefnið leiða til aukins kostnaðar í framtíðinni? (t.d. rekstur, viðhald)

Verkefnið er varanlegt. Eykur veg vistvænna ferðmáta. Eflir mannlíf og er tekjuskapandi fyrir rekstraaðila á svæðinu.

3.7. Áætlaður kostnaður

50 m.kr.

4. Orkusparnaður

4.1. Hvert er verkefnið og markmið þess?

Breytingar á kyndikerfum, loftræstingu og stýringum til að minnka orkunotkun og kostnað í Hörpu. Verkefnið stuðlar að nýsköpun, umhverfisvænum lausnum og hagkvæmum opinberum rekstri.

4.2. Á hvaða stigi er verkefnið núna? Hver eru verkstigin? (Hugmyndastig, forhönnun, verkhönnun)

Unnið að uppsetningu tímalínu og framkvæmdaáætlunar. Forhönnun í undirbúningi.

4.3. Hversu fljótt er hægt að hefja verkefnið?

Framkvæmd getur farið af stað eftir u.þ.b. 90 daga.

4.4. Hver er tímaferill útgjaldanna niður á ár (og tekna ef það á við)?

Hægt að lengja verkefnið í 3 ár ef þarf.

4.5. Atvinnusköpun

Verkefnið er atvinnuskapandi á framkvæmdatímanum. Mest blikksmíði og pípulagningar, forritun stýringa og verkfræði. Efniskostnaður áætlaður um 1/3. Verkefnið gæti nýst sem fordæmi fyrir samskonar breytingar í öðrum byggingum. Markmiðið er að endurgreiðslutími fjárfestingarinnar verði 8 -10 ár.

4.6. Er verkefnið varanlegt eða tímabundið? Mun verkefnið leiða til aukins kostnaðar í framtíðinni? (t.d. rekstur, viðhald)

Verkefnið er varanlegt. Orkusparnaður framtíðarinnar greiðir fyrir framkvæmdina.

4.7. Áætlaður kostnaður

40 m.kr.

5. Þakviðgerð

5.1. Hvert er verkefnið og markmið þess?

Leki hefur komið fram á báðum þakhlutum (vestur og austurhús) Hörpu. Ástæðan er að einhverju leyti rangur frágangur á tjörupappa/þakdúk á þaki. Unnið hefur verið að viðgerðum til að bregðast við mesta vandanum en endurnýjun og betri frágangur á þakdúk/þakpappa væri viðgerð sem er varanleg og líftími þeirrar viðgerðar verið nálægt líftíma húss. Þessi fjárfesting/meiriháttar viðhald er óhjákvæmilegt. Síðar munu fylgja viðgerðir innan hús á skemmdum sem hafa orðið sökum umrædds leka.

5.2. Á hvaða stigi er verkefnið núna? Hver eru verkstigin? (Hugmyndastig, forhönnun, verkhönnun)

Unnið að uppsetningu tímalínu og framkvæmdaáætlunar.

5.3. Hversu fljótt er hægt að hefja verkefnið?

Eftir 40 - 60 daga.

5.4. Hver tímaferill útgjaldanna niður á ár (og tekna ef það á við)?

1 ár mest síðsumars fram eftir vetri. Hægt að lengja í 2 ár. Neikvæð sjónræn áhrif og rask af framkvæmdum sem taka langan tíma.

5.5. Atvinnusköpun

Verkefnið er atvinnuskapandi á framkvæmdatímanum

Efni innan við 1/3 og vinna 2/3. Hluti efnis getur verið innlendur (steinull og pappi). Mikil kranavinna nauðsynleg.

5.6. Er verkefnið varanlegt eða tímabundið? Mun verkefnið leiða til aukins kostnaðar í framtíðinni? (t.d. rekstur, viðhald)

Verkefnið er varanlegt. Rangur frágangur þaksins er að valda skaða sem er löngu kominn tími á að laga. Réttur frágangur getur enst mjög lengi (>50ár) þar sem ofan við þetta þak koma skrautflísar sem hlífa fyrir sól og veðrun.

5.7. Áætlaður kostnaður

50 m.kr.